



Alþingi
Erindi nr. P 128/879
komudagur 29.1.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngunefnd Alþingis
b.t. Ágúst Geirs Ágústssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 27. janúar 2003

Sam 017/2003 PS/sp
Tilv.: 215,1

Efni: Tillaga til þingsályktunar um breiðbandsvæðingu landsins

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 24. janúar, var lagt fram bréf samgöngunefndar Alþingis, dags. 11. desember 2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um breiðbandsvæðingu landsins, 46. mál.

Af því tilefni samþykkti stjórnin að gera samgöngunefnd Alþingis grein fyrir samþykkt sem gerð var á 62. fundi fulltrúaráðs sambandsins í mars 2002 um byggðamál en þar er m.a. ályktað um greiðan aðgang allra íbúa landsins að rafrænum samskiptum. Ályktunin ásamt greinargerð er svohljóðandi:

„Allir íbúar landsins eigi greiðan aðgang að rafrænum samskiptum með nýjustu og bestu tækni þannig að þeir sitji við sama borð hvað varðar aðgengi og gjaldskrá á þessu sviði.

Greinargerð:

Mikilvægt er að allir íbúar landsins eigi aðgang að upplýsingabrautum á sama verði og með sömu flutningsgetu þannig að fyrirtæki á þessu sviði geti verið staðsett sem víðast um land. Upplýsingaþjóf félagið gerir kröfu um jafnt aðgengi íbúa landsins að rafrænum samskiptum og eðlilegt verður að teljast á sama verði. Öflug rafræn samskipti eru krafa í nútíma samfélagi.”

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri